

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 15/2015.

Reykjavík, 23.07.2015
2015070223

Efni: Innköllun á Indversku Dukkah með salthnetum og karrí

Yndisauki ehf. hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, ákveðið að innkalla frá neytendum Indverskt Dukkah með salthnetum og karrí vegna vanmerkts ofnæmis- og óþolsvaldar (jarðhnetur).

Ofnæmis- og óþolsvaldurinn jarðhnetur er vanmerktur sem salthnetur á umbúðum vörunnar og er því um að ræða matvæli sem geta valdið neytendum heilsutjóni.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin einskorðast við:

Vörumerki: Yndisauki

Vöruheiti: Indverskt Dukkah með salthnetum og karrí

Strikanúmer: 5694230012213

Umbúðir: Dós

Nettómagn: 150 g

Best fyrir: Allar „best fyrir“ dagsetningar.

Framleiðsluland: Ísland

Dreifing: Melabúðin Hagamel, Fjarðarkaup, Mosfellsbakarí Háaleitisbraut og Háholti, Heilsuhúsinu Lágmúla, Heilsuhúsinu Smáranum, Heilsuhúsinu Laugavegi, Heilsuhúsinu Kringlunni, Hagkaupsverslunum og Bakaríinu við brúna á Akureyri.

Þeir neytendur sem eiga umræddar vöru og eru með ofnæmi fyrir jarðhnetum eru beðnir að neyta hennar ekki og farga henni eða skila til Yndisauka, Vatnagörðum 6, 104 Reykjavík.

Nánari upplýsingar fást hjá Yndisauka í síma 511 8090.

